

REGLUGERÐ**um gjald af nýreistum húsum til greiðslu skipulagsgjalds.**

1. gr.

Af hverri nýbyggingu, sem reist er skal greiða 3% í eitt sinn af brunabótavirðing hvernar húseignar.

2. gr.

Nýbygging samkvæmt 1. gr. telst hvert nýreist hús sem virt er til brunabóta, svo og viðbyggingar við eldri hús, ef virðingarverð hinnar nýju viðbyggingar nemur $\frac{1}{5}$ verðs eldra hússins.

3. gr.

Gjaldið skal greiða til lögreglustjóranna í því lögsagnarumdæmi, sem húsið er í, en í Reykjavík til tollstjóra. Það fellur í gjalddaga þegar brunabótavirðing fer fram og má taka það lögtaki.

Gera skal skil fyrir gjaldinu til ríkisféhirðis með skilgrein sem öðrum ríkis-sjóðstekjum.

4. gr.

Brunabótafélög og umboðsmenn þeirra skulu skriflega tilkynna innheimtumanni fjárhæð brunabótavirðingar nýreists húss, þegar eftir að virðing hefur farið fram, og skulu þau veita honum greiðan aðgang að skjölum sínum og bókum um brunabótavirðingu nýreistra húsa.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt 35. gr. í skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 og kemur í stað reglugerðar nr. 42 25. febrúar 1966 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 3. mars 1980.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

27. febrúar 1980.

Nr. 168.

REGLUGERÐ**um gatnagerðargjöld á Selfossi.**

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögnum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar-eða leigulóðum á Selfossi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.